

12. gr.

Bannað er að urða oliuleifar og önnur efni, sem mengað geta jarðveg og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjóinn. Skal þeim brennt eða eytt á annan hátt eftir því sem kostur er á, og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna bæjarins.

13. gr.

Fyrirferðarmiklum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku, skulu forsvarsmenn heimila og atvinnurekstrar koma á sorphreinsunarbíl, þegar hreinsun fer fram eða í sorphaugastað skv. nánari fyrirmælum bæjarstjórnar.

14. gr.

Eftir að sorpeyðingarstöð tekur til starfa er heimilt að krefjast sérstakrar greiðslu fyrir eyðingu slíks úrgangs svo og fyrir eyðingu meiriháttar úrgangs frá matsölustöðum, sláturhúsum, iðnfyrirtækjum o. s. frv.

15. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr bæjarsjóði. Bæjarstjórn er heimilt að innheimta sérstakt sorphreinsunargjald, skv. nánari ákvörðun, og skal það innheimt með fasteignagjöldum hvers árs.

16. gr.

Kvörtunum vegna sorphreinsunar skal koma skriflega til bæjarstjórnar.

17. gr.

Hugsanleg vafaatriði varðandi fjölda skápa (sorppoka) úrskurðar heilbrigðisnefnd.

18. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með brot á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðis- eftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingumálaráðuneytið, 31. júlí 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

REGLUR

fyrir samstarfsnefnd um skipulagsmál Akureyrar og nágrennis.

1. gr.

Samstarfsnefnd um skipulagsmál Akureyrar og nágrennis, hér eftir kölluð samstarfsnefnd, er svo skipuð að í henni eiga sæti samtals 11 menn. Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar, en að öðru leyti er hún skipuð fulltrúum tilnefndum af sveitarstjórnnum eftirtalinna sveitarfélaga, tveim frá hverju og jafn-

mörgum til vara: Akureyri, Glæsibæjarhreppi, Hrafnagilshreppi, Svalbarðsstrandarhreppi og Öngulsstaðahreppi.

Skipulagsstjóri, bæjarverkfræðingur Akureyrar, byggingafulltrúi hreppanna og aðrir sem nefndin kann að óska að kveðja til, hafa rétt til fundarsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að samræmingu í skipulagi þess svæðis er umrædd sveitarfélög ná yfir. Nú verður ágreiningur um, hversu viðtækt hlutverk nefndarinnar sé, og sker þá skipulagsstjórn úr.

3. gr.

Formaður boðar nefndina til fundar með a. m. k. viku fyrirvara, þegar hann telur þörf á, eða að eitthvert aðildarsveitarfélagið óskar eftir fundi. Formaður ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki tekið fullnaðarákvörðun um mál er varðar sérstaklega hagsmuni tiltekins sveitarfélags, ef fulltrúar (fulltrúi) þess lýsa sig andviga þeirri ákvörðun, eða eru ekki á fundinum.

Nefndin kýs sér ritara og vararitara. Halda skal gerðabók og skal formaður og ritari undirrita hana í fundarlok. Sá fundarmaður, sem er ósamþykktur ákvörðun meirihlutans, á rétt á að fá stutta athugasemd um skoðun sína færða til bókar.

Senda skal viðkomandi sveitarstjórnnum afrit fundargerðar til meðferðar.

4. gr.

Nefndin lætur á uppdrætti auðkenna þann (eða þá) hluta svæðisins sem hún telur rétt að fjallað skuli um, einnig skal sérstaklega auðkenna þann hluta af óskipulögðu svæði, sem hún telur að ekki skuli skipulagður að svo stöddu.

5. gr.

Á uppdrætti skal sýna legu aðalumferðarbrauta og annarra gatna eða vega sem áhrif hafa á skipulag utan þess sveitarfélags þar sem gatan eða vegurinn er. Þá skal í stórum dráttum sýna hina fyrirhuguðu landnotkun.

Enn fremur skal sýna legu meiriháttar mannvirkja, s. s. flugvalla, hafna, háspennulína, aðalræsa, vatnsbóla aðalvatns og hitaveituaeðar, jarðhitasvæði, mannvirki sem sérstakt menningar- og sögugildi hafa og náttúrumyndanir sem ætlazt er til að óskertar verði.

6. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar og viðkomandi sveitarstjórna getur samstarfsnefnd ráðið sér starfslið til aðstoðar, en að öðru leyti veitir skipulagsskrifstofa ríkisins nauðsynlega aðstoð.

7. gr.

Þegar samstarfsnefnd hefur gengið frá tillögu um skipulag svæðisins, eða þann hluta þess, sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar á hverjum tíma, skal tillagan send til samþykktar viðkomandi sveitarstjórna. Að fenginni samþykkt hlutaðeigandi sveitarstjórna, sendir samstarfsnefndin tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til skipulagsstjórnar.

Um meðferð tillögunnar eftir að hún berst til skipulagsstjórnar, fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga nr. 19/1964.

8. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig, að hvert sveitarfélag sem aðild á að nefndinni, greiðir kostnað vegna sinna fulltrúa.

Í árslok gerir nefndin tillögu um skiptingu kostnaðar að öðru leyti. Náist ekki samkomulag allra aðila sker ráðherra úr að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

9. gr.

Stefnt skal að því að nefndin ljúki nauðsynlegustu störfum fyrir lok núverandi kjörtímabils sveitarstjórna. Ef nefndin óskar og gildar ástæður þykja til, getur ráðherra framlengt starfstímabil nefndarinnar, þó ekki lengur en til fjögurra ára í senn.

10. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 2. ágúst 1973.

Björn Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um sorphreinsun í Hafnarhreppi.

1. gr.

Hafnarhreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupsins. Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjóra og heilbrigðisnefndar kaupsins.

2. gr.

Sérhver húseigandi (eða leigjandi) í Hafnarhreppi er skyldugur að nota þær aðferðir og tæki við sorpgeymslu og hreinsun, sem hreppsnefnd ákveður.

3. gr.

Húseigendur bera allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi sorptækja.

4. gr.

Sorpið, sem sett er í sorpilátin, má vera allt venjulegt heimilissorp. Sorp, sem ekki má setja í sorppoka er: mold, mól, grjót, mykja, byggingasorp og stærri trjágreinar.

5. gr.

Ekki má setja meira sorp í pokana en svo, að auðveldlega megi loka þeim þegar skipt er um poka. Fyllsta hreinlætis skal gætt umhverfis sorppokana.

6. gr.

Pakka skal inn beittum og oddhvössum hlutum s. s. glerbrotum, áður en þeir eru settir í sorppokana.

7. gr.

Bannað er að setja eldfima vökva s. s. olíur og benzín í sorpilát, hvort sem er laust eða í umbúðum. Á haugum skal vera aðstaða til brennslu slíkra hluta.